

Aðalfundur Sjóvár-Almennra trygginga hf. 2017

Fundargerð

Föstudaginn 17. mars 2017 kl. 15:00 var haldinn aðalfundur Sjóvár-Almennra trygginga hf. Fundurinn var haldinn í húsakynnum félagsins að Kringlunni 5, Reykjavík.

Formaður stjórnar Erna Gísladóttir setti fundinn og fundurinn kaus Kristínu Edwald, hrl. sem fundarstjóra og Ásdísi Kjerúlf, hdl. sem fundarritara.

Fundarstjóri fór yfir lögmati fundarins og lýsti hann löglegan að því búnu, enda var fundurinn boðaður með löglegum fyrirvara auk þess sem mættir voru fulltrúar eigenda 76,2811 % hlutafjár í félaginu.

Á fundinum lá fyrir ársreikningur félagsins fyrir árið 2016 auk starfskjarastefnu.

Dagskrá fundarins skv. 16. gr. samþykktu félagsins var eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið reikningsár lagðir fram til samþykktar.
3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári.
4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
5. Tillaga um lækkun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum.
6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.
7. Tillaga stjórnar félagsins um breytingu á samþykktum þess, sem í meginatriðum lýtur að breytingu á 4. gr. í tengslum við tillögu stjórnar um lækkun hlutafjár.
8. Kosning stjórnar félagsins.
9. Kosning endurskoðanda eða endurskoðunarfélags.
10. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.
11. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum.
12. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál, sem löglega eru upp borin.

Var þá gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar vegna ársins 2016

Erna Gísladóttir stjórnarformaður flutti skýrslu stjórnar. Erna fór yfir helstu atburði í sögu félagsins árið 2016.

Erna greindi frá því að rekstur Sjóvár hafi verið með ágætum árið 2016. Afkoma vátryggingarekstrar fór batnandi og afkoma af fjárfestingum var góð. Að sögn Ernu samþykkti aðalfundur 2016 heimild til handa stjórn til að kaupa eigin hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Erna kvað markmið með endurkaupaáætlun vera að lækka hlutafé félagsins og að gerð yrði tillaga um lækkun sem nemur keyptum eigin bréfum um áramót á aðalfundi félagsins.

Erna lýsti ánægju með sölu ríkisins á stórum hlut í Sjóvá (13,93%) en salan gekk vel og umframeftirspurn var eftir hlutabréfum í félaginu.

JS
All

Erna kvað það stefnu stjórnar að félagið væri arðgreiðslufélag rétt eins og gefið var út við skráningu þess á markað. Forsendur arðgreiðslu væru að félagið haldist fjárhagslega sterkt. Erna greindi frá því að stjórnin legði það nú til að greiddur yrði arður sem nemur 1,75 kr. á hlut eða 2.600 milljónum kr. fyrir árið 2016 sem yrði greiddur út í mars næst komandi. Erna benti á að eftir fyrirhugaða arðgreiðslu yrði félagið eftir sem áður fjárhagslega sterkt með gjaldþolshlutfall 1,61 sem væri vel yfir þeim viðmiðum sem sett hafa verið um fjárhagsstöðu Sjóvár og stöðugleika í rekstrinum.

Erna greindi frá því að nýtt regluverk á váttryggingamarkaði, Solvency II, hafi tekið gildi í ársbyrjun 2016 og að vinna við að aðlaga innri reglur, stefnur og skýrslugjöf að þeim breytingum væri langt komin innan félagsins og hafi gengið vel. Hún nefndi einnig að metnaður félagsins stæði til þess að uppfylla allar opinberar kröfur. Erna benti á að kröfur Solvency II bæru að hluta merki þess að hafa verið samdar m.t.t. erlendra tryggingafélaga sem sum hver hafi á að skipa þúsundum starfsmanna. Þá taldi hún að greina mætti tilhneigingu til að heimfæra regluverk banka yfir á tryggingafélög án sannfærandi rökstuðnings. Hún sagði stjórn félagsins fagna því að gætt væri að stöðugleika, rekstarhæfi og áhættum á váttryggingamarkaði en hún hefði áhyggjur af mikilli hækkun á eftirlitskostnaði og teldi að leita þyrfti jafnvægis í því að eftirlit og kröfur eftirlitsaðila væru í samræmi við eðli rekstar, stærð félaga og markaðarins í heild. Gæta þurfi meðalhófs. Við eftirlit ættu neytendasjónarmið og vernd váttryggingartaka að vera í fyrirrúmi en eftirlitið ætti ekki að vera eftirlitsins vegna.

Erna taldi að enn væru nokkur ónýtt tækifæri til að auka gagnsæi á íslenskum tryggingamarkaði svo sem eins og að samræma framsetningu á upplýsingum um afkomu af váttryggingarstarfsemi tryggingafélaganna. Þar sem upplýsingarnar væru ekki settar fram með sambærilegum hætti í dag væru þær ekki samanburðarhæfar.

Erna nefndi að Sjóvá starfaði samkvæmt jafnréttisstefnu. Jafnlaunavottun VR var endurnýjuð á árinu og launamunur kynjanna innan Sjóvár mælist vel innan settra markaða. Þá sagði Erna að vel væri fylgst með þróun markaðslauna hjá Sjóvá og að markmiðið væri að greiða samkeppnishæf laun.

Að lokum þakkaði Erna stjórnendum og starfsfólki fyrir hönd stjórnar Sjóvár fyrir gott starf á árinu 2016 og kvað stjórnina hlakka til áframhaldandi ánægjulegs samstarfs með starfsfólki og viðskiptavinum Sjóvár.

2. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir árið 2016 lagðir fram til samþykktar

Hermann Björnsson forstjóri greindi frá því að árið 2016 hafi verið Sjóvá hagfelld og viðburðaríkt. Félagið hafi tekið á móti 26.000 viðskiptavinum í útibúi þess í Kringlunni, átt um 150.000 símtöl, tekið á móti 32.000 tjónstilkynningum, farið í 2.500 vettvangsskoðanir og bætt tjón fyrir 11,3 milljarða kr. sem gerir um 45 milljónir á dag alla virka daga ársins.

Hermann kvað rekstur Sjóvár standa á traustum grunni og gjaldþolshlutfallið vera vel yfir viðmiðunarmörkum. Þrátt fyrir erfiðan fyrri árshelming 2016 hafi hagnaður ársins verið umfram væntingar og samsett hlutfall nálægt þeim horfum sem settar voru fyrir árið. Hann ítrekaði að markmið stjórnenda væri að váttryggingarekstur til lengri tíma skilaði að jafnaði 95% samsettu hlutfalli.

Hermann talaði um að afkoma ársins 2016 hafi einkennst af góðri ávöxtun fjárfestingaeigna og styrkingu váttryggingarekstar frá fyrra ári. Tekjur af iðgjöldum jukust í takti við aukin umsvif í þjóðfélaginu og við þær áherslur að aðlaga iðgjöld að tjónatíðni. Hermann nefndi að gripið hafi verið til sérstakra aðgerða á árinu til lækkunar á samsettu hlutfalli og að þær hafi skilað þrýðilegum árangri

JK
ASK

en þess bæri einnig að geta að ekkert stórtjón hafi orðið á árinu sem studdi enn frekar við lækkun hlutfallsins milli ára. Hermann sagðist vonast til þess að aðgerðirnar héldu áfram að skila bættri afkomu en þrátt fyrir að tjónahlutfallið hafi lækkað væri það enn hærra en talið er ásættanlegt.

Hermann fór yfir góða stöðu í efnahagslífinu, aukinn kaupmátt, aukna einkaneyslu og uppveiflu í efnahagslífinu. Hann sagðist telja mikilvægt að Sjóvá tæki þátt í þessari jákvæðri þróun með því að fylgja vexti markaðarins, vakta þróun og þarfir viðskiptavina og vera öflugur þátttakandi í samfélaginu.

Hermann kvað rekstur ársins 2016 hafa verið með ágætum og því hafi stjórn félagsins lagt fram tillögu um greiðslu arðs til hluthafa. Hermann sagði það eðlilegt að eigendur njóti ávöxtunar þeirra fjármuna sem þeir hafa lagt í reksturinn þegar afkoman er góð.

Rætt var um mikla aukningu á umferð um hringveginn í fyrra og vísbendingar um að sú þróun haldi áfram. Hermann sagði þessa aukingu mætti að líkindum rekja til aukinnar vetrarferðamennsku en einnig til meiri umsvifa í hagkerfinu og góðrar færðar. Hermann benti á að því miður hafi alvarlegum umferðarslysum sem ferðamenn lendi í fjölgað hlutfallslega meira en sem nemur fjölgun ferðamanna undanfarin tvö ár. Hermann kvað þetta óásættanlega þróun og benti á nauðsyn þess að bæta umferðaröryggi svo sem með fjárfestingu í innviðum, með endurbótum og uppbyggingu vegakerfisins o.s.frv.

Hermann ræddi um að á árinu 2016 hafi áfram verið unnið að því að einfalda verkferla, skilmála og framsetningu þeirra með það að leiðarljósi að gera tryggingarnar skýrar og aðgengilegar og bjóða fjölbreytta valkosti í þjónustu og samskiptum við viðskiptavinum. Í þessu samhengi benti Hermann einnig á að vefur Sjóvár hafi verið endurhannaður og að vefurinn hafi hlotið íslensku vefverðlaunin sem besti fyrirtækjavefurinn 2016. Hermann taldi að viðleiti félagsins til að gera tryggingar aðgengilegri væri að skila sér í aukinni ánægju viðskiptavina en Sjóvá tók stórt stökk upp á við í nýjustu mælingu íslensku ánægjuvogarinnar fyrir árið 2016. Hermann nefndi einnig að árið 2016 hafi Sjóvá verið efst tryggingafélaga í árlegri starfsánægjukönnun VR um fyrirtæki ársins og fór hann stuttlega yfir hvað felst í þessum niðurstöðum.

Hermann ræddi um að Sjóvá bæri að styðja við, fylgja og aðlagast þeim vexti og þeim breytingum sem eiga sér stað í umhverfi viðskiptavina félagsins svo sem vegna tækniframfara.

Að endingu vildi Hermann þakka öllum viðskiptavinum fyrir það traust sem þeir sýndu félaginu á liðnu ári og ánægjuleg samskipti. Hann lofaði að félagið myndi leggja sig fram um að standa undir þessu trausti og styrkja viðskiptin til framtíðar. Einnig þakkaði Hermann stjórnarmönnum Sjóvár fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Þá fór Hermann yfir helstu þætti ársreikningsins.

Hann kvað iðgjöld ársins hafa numið u.þ.b. 15,4 milljarði og hækkuðu um 1,3 milljarð eða 9,4% á milli ára en eigin iðgjöld námu 14,5 milljarði og hækkuðu um 8,8%. Fjárfestingartekjur námu 3,4 milljörðum samanborið við 4,6 milljarða árið áður. Hermann kvað árið 2016 hafa einkennst af góðri ávöxtun fjárfestinga. Heildartekjur hafi verið nánast óbreyttar frá árinu áður eða 18,1 milljarður. Eigin tjón félagsins námu 11,3 milljörðum samanborið við 10,6 milljarða árið 2015. Hækkunin nam 666 milljónum milli áranna 2015 og 2016. Tjónahlutfall fer lækkanði en aðgerðir sem gripið var til á árinu skiluðu tilætluðum árangri ásamt því að ekkert stórtjón varð á árinu. Rekstarkostnaður ársins nam 3,7 milljörðum samanborið við 3,5 milljarða árið 2015. Heildargjöld með tjónum námu 15 milljörðum og hagnaður fyrir tekjuskatt 3,1 milljarði. Reiknaður tekjuskattur var 375 milljónir og hagnaður eftir skatta 2,7 milljarðar miðað við 657 milljónir árið áður. Heildareignir hækka úr 41,4 milljarði árið 2015 í 43,3

milljarða. Rekstrarfjármunir lækkuðu úr 617 milljónum í 599 milljónir og óefnislegar eignir lækka úr 84 milljónum í 45 milljónir. Verðbréf hækka úr 3,4 milljörðum í 3,6 milljarða. Hermann benti á skýring 17 og 18 um flokkun og gangvirði fjáreigna.

Hermann útskýrði að endurtryggingaeygnir hafi lækkað úr 1,2 milljarði í 798 milljónir á milli ára og viðskiptakröfur hafi hækkað í 4,3 milljarða úr 4,1 milljarði. Hermann benti á að handbært fé næmi 1,1 milljarði í samanburði við 1,4 milljarð árið áður. Eigið fé nam 1,75 milljarði í árslok 2016, en SCR gjaldþolshlutfall sbr. skýringu 22, nemur 1,91 en nam 1,86 árið á undan fyrir áætlaða arðgreiðslu. Hermann kvað breytingar á eigin fé síðustu tveggja ára koma fram á eiginfjárfirliti en ætlaði ekki að fara sérstaklega yfir þann lið nema um yrði beðið. Hermann benti á að váttryggingaskuld hafi hækkað í 20,9 milljarða úr 20,2 milljörðum. Líftryggingaskuld með fjárfestingaráhættu tryggingartaka er nánast óbreytt á milli ára eða um 3,3 milljarðar. Og viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir eru svipaðar milli ára. Hermann vísaði til skýringa nr. 3 um reikningshaldslegt mat og skýringar á bls. 26 til 33 um áhættustýringu félagsins.

Að loknu erindi Hermanns opnaði fundarstjóri fyrir umræður og spurningar til Ernu og Hermanns um tvo fyrstu dagskrárliði aðalfundar.

Til máls tók Gunnlaugur Sigmundsson. Hann hafði í raun engar athugasemdir fram að færa en sem áhugamaður um rekstur óskaði hann eftir nánari skýringum á jafnlaunavottun sem bæði stjórnarformaður og forstjóri ræddu um. Hann kvaðst vilja vita hvað fælist í jafnlaunavottun, hvernig fyrirtæki eins og Sjóvá færi að því að halda góða fólkinu sínu o.s.frv. Hermann tók til máls og kvaðst svara þessum vangaveltum með glöðu geði. Hann vísaði til þess að í starfskjarastefnu kemur fram að félaginu beri að greiða markaðshæf laun og þar með næði það mögulega að halda í sitt besta fólk. Varðandi jafnlaunavottunina þá vísaði Hermann til þess að VR byði upp á vottun sem staðfesti að launamunur væri ekki byggður á kyni viðkomandi starfsmanna. Hermann benti á að í fyrirtæki þar sem margar konur starfa líkt og hjá Sjóvá sé mikilvægt að starfsmenn geti treysta á að jafnrétti sé gætt. Hermann útskýrði að jafnlaunavottun gangi ekki út á það að aldrei megi vera launamunur á milli kynja heldur væri launamunur, ef einhver er, þá grundvallaður á málefnalegum ástæðum svo sem dugnaði, viðverðu, starfsreynslu o.s.frv.

Engar frekari spurningar bárust og þá var ársreikningurinn borinn upp til atkvæða og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar félagsins á síðastliðnu reikningsári

Fundarstjóri fór yfir tillögu stjórnar félagsins um að greiddur yrði arður upp á 2,6 milljarða króna eða 1,75 kr. á hlut fyrir árið 2016. Arðsákvörðunardagur 17. mars 2017 og þar af leiðir að skráðir hluthafar í lok dags. 21. mars 2017, sem telst arðsréttindadagur, eiga rétt á arðgreiðslu. Fyrsti viðskiptadagur eftir arðsákvörðunardag er 20. mars 2017 og er hann arðleysisdagur. Útborgunardagur arðs er 31. mars 2017.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

4. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins lögð fram.

Stjórn lagði til að starfskjarastefna félagsins sem samþykkt var á aðalfundi 2016 yrði óbreytt.

Handwritten signature: JSE

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillaga um lækkun hlutafár vegna kaupa á eigin hlutum

Stjórn félagsins lagði fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu um lækkun á hlutafé félagsins:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 17. mars 2017 samþykkir að hlutafé félagsins verði lækkað um kr. 72.190.770 að nafnverði til jöfnunar eigin hluta á grundvelli ákvæða laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Hlutafé félagsins lækkar þar með úr kr. 1.562.436.767 að nafnverði í kr. 1.490.245.997 að nafnverði.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu stjórnar félagsins til breytinga á samþykktum félagsins:

Tillaga: Verði tillaga skv. dagskrárlið 5 um lækkun hlutafjár samþykkt þá leggur stjórn til eftirfarandi breytingu á 4. gr. samþykktu félagsins en samkvæmt henni verður fjárhæð hlutafjár breytt til samræmis í samþykktum félagsins, þannig að 4. gr. orðist eftirleiðis svo:

„Hlutafé félagsins er kr. 1.490.245.997 – einn milljarður fjögur hundruð og níutíu milljónir tvö hundruð fjörutíu og fimm þúsund níu hundruð níutíu og sjö krónur - og skiptist í jafnmarga hluti að fjárhæð ein króna.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning stjórnar félagsins

Í framboði til aðalstjórnar félagsins voru eftirtaldir:

- Erna Gísladóttir, kt. 050568-2969, Valhúsabraut 25, 170 Seltjarnarnesi, (stjórnarformaður)
- Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389, Fjólugötu 13, 107 Reykjavík, (varaformaður)
- Heimir V. Haraldsson, kt. 220455-5999, Hesthömrum 20, 112 Reykjavík,
- Hjördís E Harðardóttir, kt. 180464-5819, Laugarásvegi 42, Reykjavík
- Ingi Jóhann Guðmundsson, kt. 120169-5729, Mávanesi 25, Garðabæ

Í framboði til varamennsku í stjórn voru:

- Garðar Gíslason, kt. 191066-5539, Smáraflöt 42, 210 Garðabæ.
- Kristín Egilsdóttir, kt. 030268-5989, Bræðratungu 30, 200 Kópavogi.

Sjálfkjörið var í stjórn félagsins. Fundarstjóri lýsti stjórnarmenn rétt kjörna og óskaði þeim til hamingju.

7. Kosning endurskoðenda/endurskoðunarfélags

Á aðalfundi félagsins þann 21. mars 2013 var Deloitte ehf. kosið endurskoðunarfélag Sjóvár til fimm ára, sbr. 4. mgr. 57. gr. laga um váttryggingastarfsemi nr. 56/2010.

Þar sem fimm ára kjörtímabili Deloitte er ekki lokið var ekki þörf á kosningu undir þessum dagskrárlið.

*JK
-AL*

8. Ákvörðun um þóknun stjórnar félagsins.

Lagt var til að stjórnarlaun yrðu hækkuð úr 275.000 í kr. 330.000 á mánuði og að laun stjórnarformanns yrðu tvöföld stjórnarlaun eða kr. 660.000. Þá var lagt til að hvorum varamanni skyldi greidd eingreiðsla kr. 330.000 í upphafi starfsárs og að auki kr. 110.000 fyrir hvern fund sem hann situr.

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Tillaga um heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum

Stjórn félagsins lagði fram tillögur til breytinga á heimildum til kaupa á eigin hlutabréfum sbr. eftirfarandi:

Tillaga: Stjórn félagsins leggur til endurnýjun á heimild stjórnar til kaupa á eigin hlutum í félaginu. Samkvæmt 9. gr. samþykkt félagsins skal slíkrar heimildar getið í viðauka við samþykktir:

„Aðalfundur Sjóvá-Almennra trygginga hf. haldinn 17. mars 2017 veitir stjórn félagsins heimild til að kaupa allt að 149.024.599 eigin hluti í félaginu. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til þess að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Heimild þessi stendur í 18 mánuði og takmarkast við að eignarhald félagsins, og dótturfélaga þess, fari ekki umfram 10% af heildarhlutafé félagsins á hverjum tíma. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hluti í félaginu fara fram, hvort sem er hærra. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutabréfum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Engar umræður urðu um tillöguna og var hún borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.


11. Önnur mál.

Önnur mál voru ekki borin upp á fundinum.

Fundarstjóri fól fundarritara að ganga frá fundargerð en skv. 15. gr. samþykkt félagsins skulu fundarstjóri og fundarritari undirrita fundargerðina og hluthafar eiga aðgang að staðfestu endurriti fundargerðar á skrifstofu félagsins í síðasta lagi fjórtán dögum eftir hluthafafund.

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.43

Fundarstjóri:


Kristín Edwald, hrl.

Fundarritari:


Ásdís Kjerúlf, hdl.